

## Stjórnarfundur 26. febrúar 2018

Mættir: Hjörtur Bergstað, Marianna Gunnarsdóttir, Sigurlaug Anna Auðunsdóttir, Leifur Arason, Heiðrún Sigurðardóttir, Krístrún Ágústsdóttir og Þórir Örn Grétarsson

Málefni tekin fyrir:

### 1. Fundargerðir síðustu funda

Fundargerðir frá 14.11.17, 20.11.17, 12.12.17, 08.01.18, 16.01.18, 29.01.18, 12.02.18 og 19.02.18 bornar upp og samþykktar samhljóða.

### 2. Almennadalur

Búið er að bæta í undirlag á yfirbyggða hringgerðinu. Þessi viðbót er til bráðabirgða þangað til frost leysir úr jörðu og hægt verður að rífa upp undirlagið og laga betur.

Reykjavíkurborg hefur sýnt góðan vilja til að klára lóðaleigusamninga og deiliskipulag í Almennadal sem fyrst. Lóðaleigusamningarnir verða notaðir sem fordæmi fyrir lóðaleigusamninga í Faxabóli og Víðidal.

Teikningar af breytingum á deiliskipulagi eru komnar til Reykjavíkurborgar til yfirferðar og samþykktar.

### 3. FáksÚlpur

Stjórn samþykkir að niðurgreiða 66°N úlpur merktum Fáki til félagsmanna og rukka 15.000 kr. Úlpurnar verða kynntar betur á komandi LM fundi og auglýstar á heimasíðu Fáks og kjölfarið settar í sölu.

### 4. Landsmótsnámskeið æskulýðsnefndar

Æskulýðsnefnd leggur til að bjóða börnum, unglingum og ungmennum sem stefna á keppni á landsmóti upp á sérstakt landsmótsnámskeið. Hugmyndin er að fá Önnu Valdimars og Fríffa til að sjá um námskeiðið og myndu þau þá fylgja hópnum alla leið á landsmótið. Stjórn Fáks samþykkir tillöguna einróma.

### 5. Eldri Fáksmenn

Eldri Fáksmenn hafa hist tvisvar í vetur og hafa þeir hittingar mælst vel fyrir. Næsti hittingur er í lok mars.

### 6. Stórsýning Fáks

Stórsýning Fáks mun fara fram í TM Reiðhöllinni í apríl eins og undanfarin ár. Sigurður Matthíasson hefur samþykkt að taka að sér umsjón með sýningunni. Hugmynd er uppi að fá Magna Ásgeirsson og hljómsveit til að spila á balli eftir sýninguna í félagsheimilinu, en Magni sér um skemmtidagskrá á komandi landsmóti.

### 7. Félagsgjöld

Greiðsluseðlar fyrir félagsgjöldum fóru út fyrir nokkrum dögum. Greiðsluseðlarnir voru óvart stofnaðir tvisvar í kerfinu en mistökin voru leiðrétt um leið og þau komu upp. Í einhverjum tilvikum hafa ungmenni sem ekki hafa sótt um félagsaðild að Fáki fengið greiðsluseðla en ástæðan er að Felix, félagatal ÍSÍ, hefur ekki virkað sem skyldi og því eru aðilar á skrá hjá Fáki sem ekki hafa sótt um að vera þar. Framkvæmdastjóri leiðréttir félagatalið jafnóðum og honum berast ábendingar.

### 8. Félagshesthús

Miklar framkvæmdir hafa farið fram innandyra í félagshesthúsinu uppá síðkastið þó mikil vinna sé enn eftir. Heyrst hefur af vaxandi ánægju aðstandandi foreldra.



### **9. Starfsmaður í hlutastarf**

Rætt um starfslýsingu sem Dúna og Leifur settu saman, og athugasemdir Berglindar Ragnars við hana.

### **10. Heimasíða Fáks**

Rætt um að nýja heimasíðu fyrir félagið. Framkvæmdastjórinn ætlar að fá tilboð frá nokkrum aðilum.

### **11. Saga Fáks**

Helgi dýralæknir er að skrifa sögu Fáks og er langt kominn með ritið. Nú þarf að finna trausta aðila til yfirlestrar sem þekkja vel til sögu Fáks.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið



Heldur